

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 9/2000

frá 28. janúar 2000

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/1999 frá 25. júní 1999⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja og reglugerð (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71⁽²⁾ skal fæld inn í samninginn.
- 3) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 er VIII. viðauka bætt við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71. Að því er varðar samninginn er nauðsynlegt að í VIII. viðauka sé einnig vísað til Íslands, Liechtenstein og Noregs.
- 4) Með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/1999 frá 26. mars 1999⁽³⁾ voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi á þátttöku EFTA-ríkjanna í framkvæmdaráði um félagslegt öryggi farandlaunþega, sem um getur í VI. viðauka við samninginn, þannig að tekið er mið af þátttöku EFTA-ríkjanna í tækniráðinu sem starfar í tengslum við framkvæmdaráðið. Uppfæra ber aðlögun á tilteknum sviðum, II. lið, með tilliti til VI. viðauka við samninginn til þess að unnt sé að gera ráð fyrir fyrrnefndri þátttöku.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 296, 23.11.2000, bls. 37 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 54, 23.11.2000, bls. 62.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 266, 19.10.2000, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 19.10.2000, bls. 95.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1408/71) í VI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við á undan aðlögunarliðunum:

„- **399 R 1399:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 (Stjtíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1).“

2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarliðu):

„v) Eftirfarandi bætist við VIII. viðauka:

P. ÍSLAND

Engin

Q. LIECHTENSTEIN

Engin

R. NOREGUR

Engin.“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn:

„- **399 R 1399:** reglugerð ráðsins (EB) nr. 1399/1999 frá 29. apríl 1999 (Stjtíð. EB L 164, 30.6.1999, bls. 1).“

3. gr.

Í aðlögun á tilteknum sviðum, II. lið, með tilliti til VI. viðauka við samninginn komi „réttindi þau og skyldur sem endurskoðunarnefndinni og tækniráðinu, sem bæði starfa í tengslum við fyrrnefnt framkvæmdaráð, hefur verið falið“ í stað „réttindi þau og skyldur sem endurskoðunarnefndinni, sem starfar í tengslum við fyrrnefnt framkvæmdaráð, hefur verið falið.“

4. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1399/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.